

103 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 17. maí. álag á jarðabætur. — Í brjefi frá 21. marz þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, mælt fram með uppástungu hins setta umboðsmanns Möðruvallaklausturs um, að 15 kr. álag, er gjört hefir verið ábúanda á klausturjörðinni Flögu fyrir að hafa vanrækt að framkvæma jarðabætur, er hann samkvæmt byggingarbrjefi sínu var skyldur að leysa af hendi, megi borgast manni, er tjeð jörð hefir verið byggð fyrir fardagaárið 1882—83 gegn því, að þessi ábúandi sljetti á nefndu fardagaári 90 □ faðmatúni jarðarinnar.

Þessa tillögu vil jeg samþykkja með því skilyrði, að hinn nýi ábúandi auk nefndrar sljettunar framkvæmi þær aðrar jarðabætur, er fyrir hann munu hafa verið lagðar í byggingarbrjefinu, sbr. tilsk. 13. maí 1776 um garða og þúfnasljettun.

104 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um frumvarp alþingis til laga 23. maí. um bæjarstjórn á Akureyri. — Með þóknanlegu brjefi 3. okt. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp, er alþingi árið sem leið hafði samþykkt, til laga um bæjarstjórn á Akureyri.

Að vísu er lagafrumvarp þetta í flestum atriðum samkvæmt þeim lögum er annars gilda sem stendur um sveitastjórn á Íslandi, einkanlega tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. En auk þess, að það víkur frá þessari tilskipun í ýmsum atriðum, er ráðgjafinn sjer eigi næga ástæðu til að bregða út af, er þó einkum ein ákvörðun í því svo löguð, að ráðgjafinn hefir fyrir þá sök eigi getað ráðið til, að það næði staðfestingu. Því að þar sem konum í 4. gr. frumvarpsins er veittur, eigi kosningarrjettur að eins heldur og kjörgengi í bæjarstjórn, þá er það hvorttveggja, að það er óráðlegt í sjálfu sjer, enda er það og í beinni mótsögn við lagafrumvarp það, er alþingi samþykkti um kosningarrjett kvenna, sem komið er út sem lög 12. þ. m. Auk þessa er það auðsætt af umræðunum á alþingi um þetta síðast nefnda frumvarp, að alþingi, sem beinlínis tók þetta atriði sjerstaklega til ihugunar, hefir kannast við, að ekki væri ástæða til að veita konum kjörgengi í hreppsnefnd yfir höfuð; og virðist eigi vera ástæða til að gjöra undantekningu frá þessari reglu konum í einu sveitarfjelagi í hæg.

Samkvæmt þessu kom ráðgjafinn fram með allraþegnsamlegustu tillögu sína um málið, og þóknadist hans hátign konunginum 12. þ. m. allramildilegast að fallast á, að lagafrumvarpi því, er hjer ræðir um, yrði synjað um allrahæsta staðfestingu.

Þetta skal tjáð yður herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer birtið það í B-deild stjórnartíðindanna. En með því ráðgjafinn ætlar sjer að leggja fyrir alþingi það, er kemur saman 1883, frumvarp til laga um þetta efni, skal jafn-þjónustusamlega á yður skorað að gefa stjórnarvöldunum þar á staðnum færi á að láta álit sitt í ljósi bæði um frumvarp alþingis í heild sinni, og sjer í lagi um afbrigði þau frá tilsk. 20. apríl 1872, er þingið fór fram á að því er snertir kosningar í bæjarstjórnina, Væntir ráðgjafinn svo þess, að þjer munið senda honum álit þessi ásamt þóknanlegum ummælum yðar um málið.

105 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um frumvarp alþingis til laga um 23. maí. lækningar. — Með þóknanlegu brjefi 6. október f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem einn þingmaður bar upp á síðasta alþingi og þingið sam-